

og að trygging sú, sem samkvæmt nefndri reglugjörð er fyrir því, að sparisjóðs-
deildirnar standi í skilum, rýrist eigi.

84
15. júlí.

Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi viðvíkjandi flutningi Otrardalskirkju til Bíldudals. Eptir tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefum, dagsettum 19. nóvbr. f. á. og 5. þ. m., hinu fyrra til landshöfðingja, og samkvæmt ósk meiri hluta hlutadeigandi safnaðar og tillögum hlutadeigandi prests og hjeradsfundar, vill stjórnarráðið hjermeð veita leyfi til þess að ný sóknarkirkja verði reist í verzlunarstaðnum Bíldudal, og að til hennar liggi til sóknar öll núverandi Otrardalssókn, að hin nýja kirkja sje í umsjón og ábyrgð safnaðarins, að Otrardalskirkja sje lögð niður, að Otrardalskirkja (húsið sjálf) áhöld hennar, skrautgripir og sjóður leggist til hinnar nýju kirkju í Bíldudal, en án annars álags og að söfnudurinn sjái um sæmilegt líkhús í Otrardal með nauðsynlegum áhöldum, og verði þar grafreitur framvegis einsog verið hefur.

85
18. júlí.

Erindisbrjef

fyrir

fiskimatsmenn á Ísafirði.

86
14. júlí.

1. gr.

Fiskimatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfisks og sem leiknastir í að sortera hann.

2. gr.

Yfirmatsmaðurinn er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón með vigt og útskipun saltfisks og hleðslu hans í skipum þeim, sem hann er fluttur út á. Hann kveður þá til vinnunnar og skiptir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir vilja fara burt úr kaupstaðnum um nokkuð langan tíma, skulu þeir gjöra honum aðvart um það fyrirfram.

3. gr.

Þeir eru skyldir að fara eptir fyrirskipunum hans og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir vinna undir stjórn hans.

4. gr.

Fiskimatið skal fara svo fram, að tveir matsmenn skoði saman hvern fisk, svo tveir geti vottað um allan farminn.

86 Komi það fyrir við vinnuna, hvort það er við sortering fisks, umsjón
14. júlí með vigt hans, útskipun eða hleðslu um borð, að þeir sjeu í efa um eitthvað
eða komi eitthvað fyrir, sem hann hefir ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leið-
beiningar um, skulu þeir leita til hans og fá fyrirskipanir hans um hvað gjöra
skuli, en verði því ekki viðkomið, skulu þeir ráða það úr sem þeim sýnist rjett-
ast, og skýra honum svo frá því sem fyrst og áður en hann gefur út fiskimats-
vottorðið.

Þeir skulu og skýra honum frá eða leita hans, ef þeim er sýnd nokkur
óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn að
sýsla.

5. gr.

Þeir fá í kaup 65 aura um klukkustund hverja, sem þeir eru að vinnu,
hvort sem það er við sortering fisksins eða við umsjón með vigt hans, útskipun
eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verzlunarlóðar telst borgun-
in fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bann-
að að taka á móti nokkurri annari þóknun eða góðgjörðum, hverju nafni sem
nefnist, frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum eða skipsmönnum eða
öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, sem flytja á fiskinn í út, að sýsla.

6. gr.

Þeir, sem fiskurinn er metinn fyrir, gjalda þeim kaup þeirra fyrir vinn-
una við fiskinn og skulu þeir skrifa reikning yfir vinnulaunin og láta yfirmats-
mann skrifa upp á hann að hann sje rjettur, áður en þeir beiðast þess, að hann
sje útborgaður, sem þeir að sjálfsögðu eiga heimtingu á að sje gjört í peningum
þegar í stað.

7. gr.

Aðalstarf þeirra er við fiskimat í Ísafjardarkaupstað. Þó eru þeir skyldir að
fara með yfirmatsmanni til verzlunarstaða í Ísafjardarsýslum og Bíldudals, þegar
hann kveður þá til að aðstoða sig þar við fiskimat.

Fyrir vinnuna á þessum stöðum við fiskimatið fá þeir sömu tímaborgun
og á Ísafirði, er einnig telst fyrir þann tíma, er þeir þurfa til ferðarinnar
fram og aptur, og auk þess í fæðispeninga 1 kr. á dag og ferðakostnað eptir
reikningi.

Ef þeir verða veðurtepptir á tjeðum stöðum á fiskimatsferðum þessum eða
verða að bíða þar af því veður leyfir eigi að starfa að fiskimati, skulu þeir
fá daglaun 5 kr. á dag auk fæðispeninganna.

Yfirmatsmaður skrifar upp á reikninga þeirra og lögreglustjóri úrskurðar
þá, ef hlutadeigendur geta ekki komið sjer saman.

Yfirmatsmaður skal krefjast, ef þeir óska þess, að hlutadeigandi lögreglu-
stjóri innheimti þessa borgun til fiskimatsmannanna, hjá þeim, sem beðið hafa
um þá til fiskimatsins.

8. gr.

86

Þeir rita undir eiðstaf um að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja 14. júlí skyldur þær, sem á þeim hvíla og hlýðnast ákvæðum erindisbrjefs þessa.

Þeir eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 14. júlí 1904.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Erindisbrjef til bráðabirgða

87

14. júlí

fyrir

yfirmatsmann á gæðum fiskfarma á Ísafirði.

1. gr.

Yfirmatsmaðurinn skal kynna sjer sem bezt, hvernig saltfiskur skal vera að verkun, útliti og stærð, svoað hann verði talinn fyrsta flokks vara á þeim stöðum, þar sem helztur markaður er fyrir hann, einkum á Spáni og Ítalíu, og hvernig fara á með fiskinn og verka hann, svoað hann verði talinn fyrsta flokks vara.

Hann skal og kynna sjer sem bezt, hvernig fiskinum skal fyrirkoma og um hann búa í skipum þeim, sem hann er fluttur út á, svo að hann skemmist ekki við flutninginn.

2. gr.

Hann skal eiga heimili á Ísafirði og hefur hann einn á hendi yfirmat á öllum saltfiski, er þaðan flyzt; um fyrirkomulag þess og framkvæmd á því eru settar eptirfarandi reglur.

3. gr.

Hann hefur fiskimatsmenn sjer til aðstoðar við sortering saltfisksins og við umsjónina við vigt hans og útskipun. Hann sendir lögreglustjóra tillögur sínar um, hve marga fiskimatsmenn þurfi að skipa og hverjir ættu að skipast fiskimatsmenn. Þeir eru skyldir að hlýða yfirmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbrjefi fyrir þá.

4. gr.

Hann er skyldur þegar einhver, er ætlar að flytja út saltfisk, óskar þess, að vera til taks til að meta fisk og tekur þá fiskimatsmenn sjer til að-